

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1451  
komudagur 15. 4. 2002

KENNASAMBAND ÍSLANDS  
Laufásvegj 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2002


Kennarasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands. Kennarasambandið lítur svo á að með lögfestingu frumvarpsins hafi skólinn öðlast eðlilegan sess meðal háskóla í landinu enda mestur hluti náms við núverandi Tækniskóla Íslands á háskólastigi eins og tekið er fram í athugasemdum menntamálaráðherra með frumvarpinu.

Af frumvarpinu verður ekki annað ráðið en að Tækniháskóli Íslands muni sitja við sama borð og aðrir háskólar í landinu varðandi fjármögnun starfsemi sinnar þ.e. með fjárveitingum af almannafé skv. sérstökum samningi og telur Kennarasamband Íslands brýnt að fjárhagslegur rammi starfseminnar sé með þeim hætti að hinn nýi háskóli geti þróast eðlilega.

Kennarasamband Íslands telur brýnt að högum starfsmanna sé ekki raskað umfram það sem óhjákvæmilegt er við breytingu sem þessa og álitur sambandið að stöðu starfsmanna gagnvart framkvæmd skilyrðis í e lið bráðabirgðaákvæðis um meðferð starfa skipaðra og ótímabundið ráðinna þar sem kveðið er á um heimild til að fresta niðurlagningu starfa til 31. júlí 2005 þyrfti að skýra nánar m.t.t. réttar starfsmanns í þessari stöðu, starfa hans og kjara á tímabilinu 2002-2005.

Virðingarfyllst

F.h. Kennarasambands Íslands

  
Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður